

Ár 2012, mánudaginn 6. febrúar kl: 7:45 kom stjórn Fasteignafélags Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Eyþór H. Ólafsson.

Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð í tölvu.

1. Samningur við Trésmíðar Sæmundar ehf.

Lagður fram samningur við Trésmíðar Sæmundar ehf um verkið undirstöður og frágangur við Hamarshöllina. Framkvæmdastjóri hefur undirritað samninginn með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Stjórn Fasteignafélags Hveragerðisbæjar samþykkir samninginn.

2. Verkfundargerðir.

Lögð fram verkfundargerð frá 25. janúar 2012.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Greiðslur til stjórnar.

Rætt um greiðslur til stjórnar fyrir fundarsetu.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Stjórn Fasteignafélags Hveragerðisbæjar samþykkir að greiðslur til stjórnar Fasteignafélagsins verði þær sömu og til nefndarmanna í nefndum Hveragerðisbæjar.

Aldís Hafsteinsdóttir bókar eftirfarandi vegna þessa liðar:

Ég undirrituð mun ekki þiggja greiðslur vegna fundarsetu í stjórn Fasteignafélags Hveragerðisbæjar.

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

4. Bankaábyrgð.

Rætt um ábyrgð vegna kaupa á loftbornu íþróttahúsi frá Scandi Hall.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Stjórn Fasteignafélags Hveragerðisbæjar samþykkir að óska eftir því við Hveragerðisbæ að bærinn gangi í ábyrgð fyrir bankaábyrgð sem Fasteignafélagið þarf að leggja fram vegna kaupa á loftbornu íþróttahúsi frá Scandi Hall í Noregi.

5. Verkeftirlit.

Rætt um verkeftirlit.

Eftirfarandi var samþykkt samhljóða:

Fasteignafélag Hveragerðisbæjar

Stjórn Fasteignafélags Hveragerðisbæjar samþykkir að fela Verkís verkefirlitið í samræmi við umræður og gögn sem lögð voru fram á fundinum.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:35.

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Eypór H. Ólafsson (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson (sign)

Helga Kristjánsdóttir (sign)